



Framkvæmda- fréttir 01. tbl. /07



Gangamunni Héðinsfjarðarganga í Siglufirði 15. desember 2006. Mynd: Björn A. Harðarson.

Héðinsfjarðargöng

Vinna við gerð Héðinsfjarðarganga hófst að nýju eftir jólafrí starfsmanna föstudaginn 5. janúar. Yfirlitsmynd sem sýnir gang verksins er birt að venju á bls. 2-3. Upplýsingarnar eru reyndar alltaf vikugamlar þegar blaðið kemur út en þeir sem vilja sjá nýjustu tölur geta skoðað verkefnavef fyrir Héðinsfjarðargöng.

Farið á: www.vegagerdin.is

=> Framkvæmdir => Verkefnavefir

=> Héðinsfjarðargöng => Verkframvinda



Munið vinnustaðamerkingarnar

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 1. tbl. 15. árg. nr. 455 15. janúar 2007

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:

Viktor Arnar

Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:

Gunnar Gunnarsson

Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:

Vegagerðin

Framkvæmdafréttir

Borgartúni 7

105 Reykjavík

(bréfsími 522 1109)

eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Samtök opinberra verkkaupa (SOV) stofnuð

Þann 1. desember 2006 var haldinn stofnfundur SOV, Samtaka opinberra verkkaupa. SOV er samstarfsvettvangur opinberra aðila á Íslandi, sem stunda kaup á verkum og þjónustu þeim tengdum. Aðild að samtökunum geta átt ríkisstofnanir og sveitarfélög.

Stofnaðilar SOV eru Framkvæmdasýsla ríkisins, Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar, Siglingastofnun og Vegagerðin.

Tilgangur SOV er:

- Að vera samtök opinberra aðila á Íslandi, sem stunda kaup á verkum og þjónustu þeim tengdum.
- Að beita sér fyrir aukinni gæðavitund við mannvirkjagerð á Íslandi og innleiðingu gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir.

- Að leggja áherslu á öryggis- heilbrigðis- og umhverfismál sem tengjast verklegum framkvæmdum.
 - Að vera leiðandi í samræmingu og þróun aðferða og gagna sem tengjast útbodum á verklegum framkvæmdum og þjónustu þeim tengdum.
 - Að taka þátt í innlendu og alþjóðlegu samstarfi er snýr að stöðlun, hagræðingu og þróun í mannvirkjagerð.
 - Að stuðla að ráðstefnum á sviði mannvirkjagerðar sem taka á gæðavitund, öryggi, heilbrigði, umhverfi og samræmingu útbodsgagna í verklegum framkvæmdum
- Fyrstu stjórn samtakanna skipa:
Óskar Valdimarsson, Framkvæmdasýslu ríkisins
Guðmundur Pálmi Kristinsson, Reykjavíkurborg
Rögnvaldur Gunnarsson, Vegagerðinni.



Frá stofnfundi SOV - Samtaka opinberra verkkaupa, frá vinstri Gísli Viggósson Siglingastofnun, Rögnvaldur Gunnarsson Vegagerðinni, Óskar Valdimarsson Framkvæmdasýslu ríkisins og Guðmundur Pálmi Kristinsson Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar.

Rekstur tölvukerfis Vegagerðarinnar, opnun tilboða

Þann 19. desember voru opnuð tilboð hjá Ríkiskaupum, fyrir hönd Vegagerðarinnar, í sérfræðiþjónustu við rekstur og þróun tölvukerfis Vegagerðarinnar. Um er að ræða tvíþætta þjónustu:

- 1) Tveir starfsmenn í fullu starfi með starfsmönnum í notendapjónustu.
 - 2) Tilfallandi sérfræðiþjónusta (aukaverk) við átaksverkefni og önnur verkefni, þar með talin ráðgjöf vegna vals og innkaupa verkkaupa á vél- og hugbúnaði.
- Tilboðsfjárhæðin er samsett tala og miðar við fasta viðveru tveggja starfsmanna og áætlaðan aukakostnað. Tilboðsfjárhæðin miðar við þriggja ára samningstíma.

Tilboð í tölvurekstur Vegagerðarinnar bárust sem hér segir:

Opin kerfi ehf.	77.299.200 kr.
EJS hf.	78.672.546 kr.
Skyggirnir hf.	86.670.675 kr.
Anza hf.	89.118.968 kr.
Skýrr hf. tilboð 1	115.003.378 kr.
Skýrr hf. tilboð 2	124.102.231 kr.
Þekking hf.	109.764.180 kr.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 8. janúar 2007.

Burðarþolshönnun og niðurbrot vega

Ráðstefna um burðarþolshönnun og niðurbrotsmódel vega verður haldin á Grand Hótel í Reykjavík 22. og 23. mars 2007

Á ráðstefnunni munu sérfræðingar m.a. kynna þær burðarþolshönnunaraðferðir sem notaðar eru í dag á öllum Norðurlöndunum, mið-Evrópu og í Bandaríkjunum.

Helstu sérfræðingar á sviði veghönnunar og niðurbrotsmódelu munu einnig kynna hvað er nýtt á þessu sviði og hvert menn séu að stefna í dag. Gert er ráð fyrir ítarlegum umræðum um efnið í lok beggja ráðstefnudaganna.

Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu NVF 34

<http://www.vegagerdin.is/nvf34.nsf>

NVF34, Norræna Vegtæknisambandið, tækninefnd 34.

NordFoU, norræn nefnd um þróun og rannsóknir á sviði vegagerðar.


Vegagerðin

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Sigursteinsson has@vegag.is



Fyrirlestrar verða á ensku. Fyrirlesarar á ráðstefnunni verða:

Anders Huvstig	Swedish Road Administration	Sweden
Björn Birgisson	University of Florida	USA
Bruce Chadbourn	Minnesota DOT	USA
Byron E. Ruth	University of Florida	USA
Carl L. Monismith	University of Calif., Berkeley,	USA
Gregers Hildebrand	Danish Road Directorate	Denmark
Inge Hoff	SINTEF	Norway
Ivar Horvli	NTNU	Norway
Lev Khazanovich	University of Minnesota	USA
Per Ullidtz	Dynatest	Denmark
Pierre Hornych	LCPC	France
Rabbira Garba Saba	Public Roads Administration	Norway
Sigurður Erlingsson	Univeristy of Iceland	Iceland
Taina Rantanen	SITO-Finnish Consult. Engin.	Finland
Tuomo Kallionpää	Finnish Road Administration	Finland



Búið er að sprengja 610 m í Siglufirði og 316 m í Ólafsfirði. Samtals er búið að sprengja 926 m sem er 8,7% af heildarlengd.



Porskafjörður og Teigsskógur. Myndin er tekin af Hjallahálsi.

Vestfjarðavegur (60), Bjarkarlundur - Eyri Úrskurður umhverfisráðherra

Umhverfisráðherra hefur staðfest úrskurð Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar á milli Bjarkarlundar og Eyrar í Reykhólahreppi, nema hvað varðar leið B í 2. áfanga þar sem vegastæðið liggur um Teigsskóg í Porskafirði.

Átta kærur bárust umhverfisráðuneytinu vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar, þar á meðal frá Vegagerðinni, Vesturbyggð,

Tálknafjarðarhreppi og Reykhólahreppi. Umhverfisráðherra óskaði í kjölfarið eftir umsögnum Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Breiðafjarðarnefndar, Fornleifaverndar ríkisins og Skógræktar ríkisins. Vegna álitamála um verndargildi og sérstöðu Teigsskógs þá leitaði ráðuneytið eftir sérfræðilíti Ásu L. Aradóttur vistfræðings.

Umhverfisráðuneytið fellst á leið B í 2. áfanga Vestfjarðavegar



með sex skilyrðum en þau eru talin upp hér að neðan í úrskurðarorðum.

Ráðuneytið telur að óumdeilt sé að út frá umferðaröryggissjónarmiðum sé leið B í 2. áfanga betri kostur en aðrar leiðir sem Vegagerðin hefur lagt til. Í 1. lið 3. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hugtakið umhverfi skilgreint sem: „Samheiti fyrir menn, dýr, plöntur og annað í lífríkinu, jarðveg jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar og landslag, samfélag, heilbrigði, menningu og menningarminjar, atvinnu og efnisleg verðmæti“. Umtalsverð umhverfisáhrif teljast samkvæmt sömu grein veruleg óafturkræf umhverfisáhrif eða veruleg spjöll á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Að mati ráðuneytisins vega umferðaröryggissjónarmið þungt við mat á því hvort

framkvæmd geti talist hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum.

Þegar umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar við leið B eru virt að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða sem settar eru fram í úrskurðarorðum og vægi umferðaröryggissjónarmiða fellst ráðuneytið ekki á það að áhrif leiðar B séu umtalsverð í skilningi b-liðar 2. mgr. 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Ráðuneytið fellst samkvæmt framansögðu á kröfu kæranda um að heimila leið B í 2. áfanga með skilyrðum.

Heimild: www.umhverfisraduneyti.is

Á vef ráðuneytisins má einnig finna úrskurðinn í heild en hér fyrir neðan er lokakaflinn eða úrskurðarorðin.

Úrskurðarorð

Úrskurður Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006 um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar nr. 60 á milli Bjarkarlundar og Eyrar í Reykhólahreppi er staðfestur nema hvað varðar leið B í 2. áfanga. Fallist er á leið B í 2. áfanga með eftirfarandi skilyrðum:

1. Framkvæmdaraðili skal rækta birkiskóg á Vestfjörðum við sambærilegar aðstæður og eru í Teigsskógi a.m.k. til jafns að flatarmáli við þann birkiskóg sem raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaða framkvæmd. Framkvæmdaraðili skal vinna áætlunina í samráði við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins og leggja fram áætlunina áður en framkvæmdir hefjast.

Í áætluninni skal gera grein fyrir hvaða efnivið er áætlað að nota við ræktunina þ.e. hvort fyrirhugað sé að nota erfðaefni úr Teigsskógi eða annars staðar á Vestfjörðum. Meta skal plöntunarárangur á ræktunarsvæðinu eftir að plöntun er lokið og meðan skógurinn er að ná sambærilegum vexti og í Teigsskógi og gera grein fyrir til hvaða ráðstafana er ætlað að grípa ef árangur verður ekki sá sem vænst er. Gera skal grein fyrir hvort það svæði sem valið verður bjóði upp á aðstæður til landnáms viðkomandi tegunda eða hvort fyrirhugaðar séu ráðstafanir til þess að stuðla að landnámi síðar meir, ef það reynist takmarkað.

2. Framkvæmdaraðila ber við útfærslu á vali á vegkostum velja þann kost sem er bestur með hliðsjón af verndun Teigsskóga. Við nánari útfærslu á vegstæðinu, frágangi þess og ræsum skal leitast við að lágmarka áhrif vegagerðar á skóginn og skal framkvæmdaraðili hafa samráð um það við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins.

3. Framkvæmdaraðili skal hanna veginn þannig að hann uppfylli skilyrði 19. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum og villtum fuglum nr. 64/1994. Við hliðrun á vegstæði skal hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands.

4. Í Teigsskógi frá Gröf að Hallsteinsnesi skal vegstæði skilgreint þröngt og efnisnám, skeringar og slóðagerð skulu takmörkuð við vegstæðið sjálft. Samráð skal haft við Umhverfisstofnun um efnisnám fyrir veginn og skeringar í Teigsskógi.

5. Vegna áhrifa framkvæmdanna á menningarminjar skal framkvæmdaraðili merkja og greina Fornleifavernd ríkisins frá fornminjum við vegstæðið. Framkvæmdaraðili skal hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins um nánari útfærslu á staðsetningu vegstæðisins.

6. Framkvæmdaraðili skal tryggja að þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar takmarki ekki hefðbundin þangskurð í þeim.

(sign.) Jónína Bjartmarz Magnús Jóhannesson



Útboðsverk 2006

Hér er birtur listi yfir útboðsverk sem samið var um árið 2006, raðað eftir verktökum í stafrófsröð. Tilboðsupphæð er einnig birt.

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
Afrek ehf. kt. 551295-2579, Trönuhrauni 7a, 220 Hafnarfjörður 04-072 Garðskagavegur (45), um Ósabatna	30.950.000
Alvarr ehf. kt. 550885-0429, Skiopholti 68, 105 Reykjavík 06-056 Vestfjarðavegur (60), Arnarfjörður - Dýrafjörður, borun rannsóknarhola	12.401.000
Árni Helgason ehf. kt. 670990-1769, Hlíðarvegi 54, 625 Ólafsfjörður 05-050 Norðausturvegur (85), um Laxá hjá Laxamýri	30.682.500
06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufá	32.420.000
06-071 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	58.875.700
Borgarvirki ehf. kt. 410783-0379 Hjallabrekku 22, 200 Kópavogur 06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufá	11.934.000
06-022 Uxahryggjarvegur (52), Kaldadalsvegur - Sandkluftavatn	78.909.200
Burkney ehf. kt. 650603-2140 Klapparhlíð 16, 270 Mosfellsbær 05-036 Nesvegur (425), Reykjanes-Staður	59.178.290
05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir-Brekka 1. áfangi	95.678.800
Eining sf. kt. 690688-1239 Gaularásí, 861 Hvolsvöllur 06-049 Þykkvabæjarvegur (25) og Árbæjarvegur (271)	21.624.800
Eyfar ehf. kt. 46120-1318 Austurvegi 3, 630 Hrísey 06-065 Hríseyjarferja 2007-2011	239.432.600
Eykt ehf. og Jarðvél ehf. 05-066 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut	340.912.100
Fjörður ehf. kt. 521203-3660 Víðimel, 550 Sauðárkrókur 05-085 Hringvegur (1) - Sauðárkróksbraut (75), vegumót við Varmahlíð	26.520.825
Fossvélar ehf. kt. 531271-0179 Hrismýri 4, 800 Selfoss 06-012 Efnisvinnsla Suðursvæði 2006	47.170.000
Framrás ehf. kt. 591289-0559 Smiðjuvegi 17, 870 Vík 06-038 Skálavegur (246); Hringvegur - Núpar	7.789.000
GeoTek ehf. kt. 610303-2850 Skiopholti 29a, 108 Reykjavík 05-072 Héðinsfjarðargöng, eftirlit	362.250.000
Glaumur ehf. og Klæðning ehf. 03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	727.221.600
Græðir sf. kt. 530783-0229 Varmadal, 425 Flateyri 06-040 Vetrapjónusta, Þingeyri-Flateyri-Suðureyri, 2006-2009	16.964.000
Guðmundur Vilhelmsson kt. 010355-5919 Fífusundi 12, 530 Hvammstangi 06-019 Melasveitarvegur (505) um Súlunes	7.311.300
06-020 Heggstaðanesvegur (702), Bessastaðir - Sandar	10.175.250
Háfell ehf. kt. 690186-1609 Skeifunni 11, 108 Reykjavík 05-003 Reykjanesbraut (41) Laugarnesvegur-Dalbraut (færsla Sæbrautar)	439.944.681
05-035 Héðinsfjarðargöng	5.739.412.688
Heflun ehf. kt. 500402-2880 Lyngholti, 851 Hella 06-059 Vetrapjónusta, Uppsveitir Árnessýslu, 2006-2009	9.820.000
05-041 Sólheimavegur (354), Eyvík-Sólheimar	110.537.800
Heimur og Þorgeir ehf. kt. 560994-2229 Dugguvogi 2, 104 Reykjavík 06-051 Hringvegur (1) - Hafravatnsvegur (431), stefnugreind vegamót	42.500.000
06-054 Hringvegur (1), Ullarnesbrekka, undirgöng	47.500.000
Héraðsverk ehf. kt. 680388-1489 Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir 04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	549.493.181
Hönnun hf. kt. 430572-0169 Grensásvegi 1, 108 Reykjavík 03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	17.990.000

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð, kr.
KNH ehf. kt. 710795-2239 Grænararöi, 400 Ísafjörður 06-018 Víðidalssvegur (715), Hrapstaðavegur - Dæli	38.443.800
06-048 Vestfjarðavegur (60), Skálanes - Eyri	177.636.363
Króksverk ehf. kt. 460482-0979 Borgarröst 4, 550 Sauðárkrókur 06-034 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2006-2007, norðurhluti	34.105.000
Línuhönnun hf. kt. 621079-0189 Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík 05-064 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	9.611.768
05-086 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar), eftirlit	9.750.249
06-036 Hringvegur (1); Þorlákshafnarvegur - Hafravatnsvegur, hönnun	27.303.935
Loftorka Reykjavík ehf. kt. 571285-0459 Miðhrauni 10, 210 Hafnarfjörður 06-053 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2006, repave	194.245.000
Magnús Óskarsson kt. 130470-3439 Nýhöfn, 301 Akranes 06-045 Niðurrekstrarstaurar á Norðvestursvæði 2006	8.904.372
Malarvinnslan hf. kt. 550280-0199 Miðási 37, 700 Egilsstaðir 06-009 Yfirlagnir Norðaustursvæði, austurhluti	43.868.262
Malbikun K-M ehf. og Steypustöðin Dalvík ehf. 06-064 Vetrapjónusta, Akureyri - Ólafsfjörður 2006-2009	21.584.880
Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. kt. 420187-1499 Hringhellu 6, 221 Hafnarfjörður 06-032 Yfirlagnir Norðvestursvæði, malbik. Hringvegur (1) í Leirársveit	29.792.700
06-052 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2006, malbik	90.914.800
06-061 Yfirlagnir á Suðursvæði 2006, malbik	92.455.400
Mikael ehf. kt. 620997-3079 Norðurbraut 7, 780 Höfn 06-057 Þverárfjallsvegur (744), brú á Gönguskarðsá	56.487.450
Monstro ehf. kt. 630497-2649 Ennishvarfi 15 a, 200 Kópavogur 06-041 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Hringvegi (1) að Selfossi, 2006 - 2008	141.990.000
Myllan ehf. kt. 460494-2309 Miðási 12, 700 Egilsstaðir 06-008 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2006	49.063.750
Nesprýði ehf. kt. 450793-2489 Vesturbraut 10-12, 230 Keflavík 05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	45.000.000
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf. kt. 410693-2169 Gagnheiði 35, 800 Selfoss 06-058 Holtsgvegur	6.298.000
05-039 Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn	67.415.000
Skagfirskir verktakar ehf. kt. 660106-0490 Aðalgötu 21, 550 Sauðárkrókur 06-016 Þverárfjallsvegur (744), Skagavegur - Sauðárkrókur, 1. áfangi	275.025.000
Stefán Jóhann Grétarsson kt. 251172-3669 Birkhlið, 531 Hvammstangi 06-037 Vetrapjónusta, Brú - Blönduós, 2006 - 2009	16.222.500
Tak - Malbik ehf. kt. 560677-0149 Engjaási 2-8, 310 Borgarnes 06-033 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2006-2007, vesturhluti	56.710.000
Vegamáll ehf. og Vegmerking ehf. 06-039 Yfirborðsmerkingar með sprautuplasti á Suður- og Norðaustursvæði, 2006-2008	102.960.000
Velverk ehf. kt. 501299-2519 Ásbrún, 311 Borgarnes 06-044 Vetrapjónusta, Mýrar og Norðurárdalur 2006 - 2009	4.491.330
06-043 Vetrapjónusta, Brattabrekka 2006 - 2009	5.424.500
06-014 Snæfellsnesvegur (54) um Gríshólsá	27.252.433
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen kt. 611276-0289 Ármúla 4, 108 Reykjavík 06-050 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót við Nýbýlaveg, hönnun	16.871.450
Vélgrafan ehf. kt. 700390-1369 Gagnheiði 49, 800 Selfoss 06-060 Kjalvegur 2006	25.159.350
Vökvapjónusta Eypórs ehf. kt. 451297-2609 Bakkagötu 6, 670 Kópasker 06-001 Ásbyrgisvegur (861), Norðausturvegur - tjaldsvæði	8.710.900



Vegagerð í Svínadal í ágúst 2006.

Rannsóknir 2007

Umsóknarfrestur um styrki er til 5. febrúar

Vegagerðin veitir árlega styrki til rannsóknaverkefna, sem fjármagnaðir eru að mestu af svonefndu tilraunafé, en það er nú 1% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Helstu þættir í rannsókn- og þróunarstarfi hjá Vegagerðinni koma fram í rannsóknastefnu sem gefin var út haustið 2006, en þeir eru:

- að hafa frumkvæði að rannsókn- og þróunarstarfi sem stuðlar að því að Vegagerðin geti uppfyllt markmið sem sett eru fram á hverjum tíma
- að afla nýrrar þekkingar á sviði vega- og samgöngumála, m.a. með þátttöku í erlendu rannsóknasamstarfi, og að koma innlendri og erlendri þekkingu í gagnýt not
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi aðferðir, efnisnotkun og hagkvæmara vinnulag skili sér í staðla og breyttu verklagi, til að auka gæði vegakerfisins og þeirrar þjónustu sem Vegagerðin veitir á hverjum tíma
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi umferðaröryggi skili sér í öruggari umferð á þjóðvegum landsins fyrir alla vegfarendur
- að stuðla að því að niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfs varðandi umhverfi og samfélag skili sér í góðri sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa
- að stuðla að samvinnu þeirra sem bera ábyrgð á og stunda rannsóknir á þessu sviði
- að veita upplýsingar um þessa starfsemi og niðurstöður rannsókna
- að meta niðurstöður rannsókn- og þróunarstarfsins og nota þær sem grunn fyrir úrbætur

Rannsóknum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra meginflokkka:

- **Mannvirki:** Undir þennan flokk falla rannsóknir sem snúa að veginum sjálfum og þeim mannvirkjum sem tengjast

honum, s.s. brýr og jarðgöng. Einnig fellur undir þennan flokk fastur búnaður sem fylgir veginum eins og vegrið o.fl.

- **Umferð:** Í þessum flokki eru rannsóknir sem snúa að umferð á vegum, s.s. öryggi vegfarenda, þjónustu, umferðarstjórnun, upplýsingar til vegfarenda o.þ.h.
- **Umhverfi:** Undir þennan flokk falla rannsóknir sem snúa að ytra umhverfi vegarins, s.s. umhverfisáhrifum framkvæmda og umferðar, veðurfari, náttúruvá, o.þ.h.
- **Samfélag:** Í þessum flokki eru rannsóknir sem snúa að samfélaginu í víðara samhengi, s.s. rannsóknir á samfélagslegum áhrifum samgangna, arðsemi, kostnaði, flutningum, hreyfanleika o.þ.h.

Í ofangreindum flokkum er lögð áhersla á hagnýtar rannsóknir og á nýtingu þekkingar- og gagnaöflunar í starfsemi Vegagerðarinnar, en einnig er gert ráð fyrir að hluti rannsóknafjármagns verði notaður til að styrkja verkefni sem teljast til grunnrannsókna og tengjast starfsemi stofnunarinnar.

Við skilgreiningar rannsóknaverkefna skal í upphafi skilgreina hverjir koma til með að nota niðurstöður úr verkefnunum og gefa þeim tækifæri á að koma að mótun verkefnisins og innleiðingu niðurstaðna ef þurfa þykir.

Umsóknir um styrki og/eða fjármögnun einstakra verkefna fyrir árið 2007 þurfa að berast á tilskildum eyðublöðum í seinasta lagi 5. febrúar næstkomandi. Eyðublöðin má nálgast á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is) undir „Rannsóknir og þróun / Rannsóknaverkefni“. Fylla þarf eyðublöðin út á netinu. Rannsóknaráð stofnunarinnar sér um úthlutun. Nánari upplýsingar veita Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs hreinn.haraldsson@vegagerdin.is) og Þórir Ingason forstöðumaður rannsóknadeildar (thorir.ingason@vegagerdin.is).

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	07
06-073 Drangsnesevegur (645), Strandavegur - Drangsnese	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnese, vistgata	07
06-029 Skorradalsevegur (508), Grund - Hvammur	07
06-027 Snæfellsnesevegur (54) um Hítará	07
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur	07
06-026 Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir	07
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvetur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-072 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
06-030 Útnesevegur (574), Háahraun - Saxhóll	04.12.06	19.12.06
06-024 Djúpvetur (61), Reykjanes - Hörtná	30.10.06	12.12.06
06-074 Hringvegur (1), varnargarðar vestan Skeiðarár	20.11.06	05.12.06
06-023 Blöndudalsevegur (733), Svínvetningabraut - Blöndudalshólar	23.10.06	07.11.06
05-047 Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólsstaðir 2	09.10.06	31.10.06

Niðurstöður útboða

Útnesevegur (574),

Háahraun - Saxhóll

06-030

Tilboð opnuð 19. desember 2006. Endurbýgging Útnesevegur á 16,9 km kafla frá Háahrauni að Saxhóli. Um er að ræða 6,5 m breiðan veg með klæðningu.

Helstu magnþölur eru:

Bergskering	20.000 m ³
Fylling og fláafleygar	116.000 m ³
Neðra burðarlag	46.000 m ³
Efra burðarlag	26.000 m ³
Klæðing	107.000 m ²
Frágangur fláa	192.000 m ²

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. júlí 2009.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	213.891.849	100,0	54.249
8	Glaumur ehf., Garðabæ	209.997.000	98,2	50.355
7	KNH ehf., Ísafirði	196.635.100	91,9	36.993
6	Háfell ehf., Reykjavík	194.738.000	91,0	35.096
5	Klæðning ehf., Kópavogi	190.000.000	88,8	30.358
4	Vélgrafan ehf., Selfossi og Borgarvirki ehf.	178.519.500	83,5	18.877
3	Stafnafell ehf., Snæfellsbæ	176.327.300	82,4	16.685
2	Burkney ehf., Reykjavík	169.770.000	79,4	10.128
1	Berglín ehf., Stykkishólmi	159.642.500	74,6	0



Hálsasveitarvegur (518) ofan við Húsafell. Brú á Hvíta.